



## 7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

---

### TILLAGA UM MINNI KENNSLUSKYLDU

---

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 leggur áherslu á að ávallt sé nægur tími til undirbúnings og úrvinnslu ~~og undirbúnings~~ kennslu. Í sameiginlegri vinnu sveitarfélaganna og Félags grunnskólakennara varðandi bókun 1 í kjarasamningi aðila frá 2016 var ítrekað bent á að tíma til faglegra verkefna vantar stórlega. Verkefnum kennara fjölgar sífellt ár frá ári og ljóst er að sá tími sem ætlaður er til faglegra starfa er ekki nægur. Ein ~~a~~ leiðin til að svo megi verða er að minnka kennsluskyldu kennara og með því skapa tíma svo þeir geti sinnt grunnþáttum starfs síns.